

Matvælaráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2024

Tilvísun í mál: MAR24010202

Landvernd er gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn vegna umsóknar um leyfi á veiðum á langreyði á grundvelli 1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar.

Stjórn Landverndar minnir á að mikil átök hafa staðið um hvalveiðar á alþjóðavettvangi undanfarna áratugi og ekki síður hér innanlands. Hvalveiðar við Ísland lágu niðri frá því að bann Alþjóðahvalveiðiráðsins við hvalveiðum í atvinnuskyni var sett árið 1986 þar til Íslendingar tóku aftur upp vísindaveiðar frá árinu 2003. Árið 2006 hófust aftur veiðar á langreyði í atvinnuskyni hér við land án þess að haldbær rök væru til staðar. Réttlætning ráðandi hagsmunaafla var að Íslendingar hefðu sjálfsákvörðunarrétt óháð alþjóðlegri vernd til að veiða stórhveli.

Á síðustu árum hefur margt breyst í umhverfi hvalveiða sem kallar á endurskoðun og bann við hvalveiðum. Í þeim efnum ber stjórnvöldum að horfa fyrst og síðast til rannsókna, eftirlits stofnana og óháðra erlendra ráðgjafa og sérfræðinga sem segja má að hafi endurtekið með staðreyndum rökum gefið aðferðum við veiðar á stórhvelum fallelkunn.

Þessi einstaki þáttur sem varðar dýravelferð er grundvallarþáttur fyrir ákvarðanir um að leyfa slíkar veiðar fyrir utan hversu miklum tilgangi stórhveli þjóna í vistkerfi hafsins en sýnt hefur verið vísindalega fram á að stórhveli auðga vistkerfi sín, meðal annars með því að færa næringarefni úr djúpsjó í grynnri sjó. Með núverandi veiðiaðferðum er ekki hægt að uppfylla lög um dýravelferð. Stjórnvöld verða -að beita heilbrigðri skynsemi þegar kemur að, ekki bara dýravelferð heldur beinlínis siðferði þjóðar að ástunda ekki dýranið.

Talsmenn hvalveiða á Íslandi virðast telja það réttlætismál að veiða langreyði og önnur stórhveli. Um sé að ræða sjálfsagða nýtingu á séríslenski tegund og málið varði einvörðungu Ísland og hagsmuni hvalveiðimanna hérlendis. Í þessari hugsun felst hins vegar sá grundvallarmisskilningur að langreyður er alls ekki tegund sem Ísland á eitthvað sérstakt tilkall til fremur en aðrar þjóðir þar sem dýrin hafa viðkomu. Langreyður syndir til Íslands í árlegum fæðugöngum sunnan úr höfum. Hún fer að sjást suðvestanlands í maí og er fjöldi hennar mestur við landið í lok júní. Langreyður heldur sig vanalega við landgrunnsbrúnina. Það eru fráleit rök að það færi Íslandi einhvern umframrétt til veiða á langreyði á kostnað lífríkis og gagnvart rétti annarra þjóða sem hafa verndað langreyði og önnur stórhveli.

Stjórnvöld eiga ekki að ganga erinda þröngra sérhagsmuna á kostnað heildarhagsmuna og loka um leið augunum fyrir stórum siðferðilegum spurningum ekki síst vegna dýravelferðar og almennrar aukinnar andstöðu.

Þessi séríslenska afstaða kallar á vaxandi óánægju og hættu á að Ísland verði fyrir ímyndarskaða innanlands sem og ekki síður á erlendri grundu.

Íslendingar eru ekki staddir við aldamótin 1900 þegar hvalveiðar voru stundaðar vegna þekkingarskorts og minna fæðuframboðs. Ísland þarf ekki á hvalkjöti að halda sem er reyndar nær því óseljanlegt. Í dag býr Ísland við allsnægtir fjölbreyttrar fæðu og með öllu fráleitt ef matvælaráðherra lætur undan þrýstingi frá þröngum sérhagsmunaöflum og fórnar heildarhagsmunum þjóðarinnar á grunni þeirra raka að athafnafrelsi mannsins sé öllu æðra og horft verði áfram fram hjá því dýraniði sem mun áfram fylgja þessum veiðum, enda hefur verið færðar sönnur á að núverandi veiðiaðferðir standast ekki skoðun.



Ráðherra er því hvattur til að hafna beiðni um veiðar á langreyð á þessu ári og jafnframt hvattur til að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum sem varða algjört hvalveiðibann til framtíðar þannig að Ísland geti sýnt að við virðum dýravelferð og vernd vistkerfa og líffræðilegra fjölbreytni og að við viljum vera ábyrgir þátttakendur í að horfast í augu við hverskonar ofnýtingu.

Með vinsemd og virðingu

F.h. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður